

Áfangalýsing – Þjóðhagfræði

Menntaskóli Borgarfjarðar

Námsgrein:

Þjóðhagfræði – HAG2A04 (REK 102)

Fjöldi eininga:

4

Undanfari:

Enginn

Lýsing á efni áfangans:

Kynnt eru grunnhugtök og meginviðfangsefni hagfræðinnar. Fjallað er um grunneiningar hagkerfisins og samspil þeirra í markaðsþjóðfélagi. Hringrás efnahagslífsins er útskýrð og fjallað um helstu hagstærðir þjóðarbúsins og innbyrðis tengsl þeirra. Meginþættir í efnahagsþróun eru teknir fyrir og hagræn vandamál skoðuð með dæmum úr íslensku efnahagslífi. Kynnt er margvísleg framsetning á hagfræðilegu efni. Nemendur fá þjálfun í að lesa úr línuritum og innsýn í notkun vísitalna, hlutfallareiknings, vegins meðaltals og fleiri algengra aðferða við vinnslu á hagfræðilegum upplýsingum. Áhersla er lögð á að nemendur geti hagnýtt sér Netið til öflunar hagfræðilegra upplýsinga.

Kennslugögn:

Þjóðhagfræði 103. Kennslubók með verkefnum. 2005 eftir Ingu Jónu Jónsdóttur

Efni frá kennara.

Námsmat:

Verkefni, einstaklings og hópa 40%

Verkefnavinna í kennslustund 10%

Kaflapróf 50%,

Námsmatið er tvíþætt. Nemendur þreyta próf í tímum og senda inn skilaverkefni.

Meðaleinkunn fyrir hvern og einn af þessum tveimur þáttum þarf að vera minnst 4.5 til þess að standast áfangann. Náí einn af þáttunum tveimur ekki 4.5, gildir sú einkunn sem lokaekinn áfangans.

Lokamarkmið áfanga:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á :

- grunnhugtökum og kenningum í þjóðhagfræði
- hringrás efnahagslífsins
- hagtölum og hagkerfum
- Mismunandi hagkerfum, uppbyggingu þeirra og starfsemi
- hagstjórn/fjármálastefnu

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- útskýra grunnhugtök og kenningar í þjóðhagfræði
- þekkja ýmsar þjóðhagstærðir og fjalla um efnahagslegt umhverfi
- teikna eftirspurnar- og framboðslínur
- vinna með jafnvægisverð, magn á markaði og verðbólgu
- vinna með hlutfallslega og algjöra yfirburði

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- beita grunnhugtökum og kenningum þjóðhagfræðinnar
- túlka eftirspurnar- og framboðslínur
- reikna út jafnvægisverð, magn á markaði og verðbólgu
- Tjá sig um efnahagsmál og afla sér ganga og upplýsingar um efnahagsmál
- túlka og vinna með þjóðhagsstærðir